

1917

Þrándur í Götum sem andannidill.

Sögu lögmál.

Starf og stefna.

Starf og aldur heimansins.

Eftir dr. Helga Peturss.

# Þrándur í Götum sem andamiðill.

(Viðbót)

Bæta má því við samanburð minn síðast, á tilraun þeirra Þrándar til sambands við »andaheiminn«, og samskonar tilraunum einsog þeim er hagað nú á dögum, að grindurnar sem Þrándur sat fyrir innan, hafi svarað til miðilsstúkunnar (cabinet), þar sem miðillinn situr, stundum bundinn svo að hann getur sig ekki hrætt. Er slíkt gert í varúðar skyni, en virðist annars helzt miða til þess að koma í veg fyrir, að fyrirburðirnir geti orðið. Er tilraunum að ýmsu leyti svo hagað sem ekki mundi vera, ef menn skildu betur hvað það er sem fram fer. Og það mun sannast, að í rétt horf er máli þessu ekki komið, fyr en tilraunirnar eru gerðar í því skyni að ná sambandi við verur á öðrum hnöttum, og tilraunamenn eru orðnir lausir við þann hleypidóm, að slíkt geti ekki átt sér stað. Athuganir þær sem gerðar hafa verið, sýna alveg ljóslega, að samband við verur á öðrum hnöttum hefir átt sér stað. Til þess að ganga úr skugga um það, þarf ekki nýjar athuganir, heldur nýjar og betri ályktanir en áður. Og líklega verða ekki mörg ár þangað til einhver vísindamaður úti í Evrópu eða Ameríku, dregur þá ályktun sem er alveg sjálfsagt að draga, vilji menn líta vísindalega á þetta mál, að andafyrirbrigðin svo nefndu, stafi af sambandi við lifandi verur á öðrum hnöttum. En þegar menn fara að vita það, þá fyrst

fer að koma skriður á þetta mál. Þá munu koma fram líkamningar, sem sjálfir segja að þeir séu framkomnir fyrir áhrif frá öðrum hnöttum. Og þegar þúsundir geta tekið þátt í tilraununum, þá mun mega endurnýja og bæta vitranahátíðir Forn-Grikkja. Hér riður á, að menn séu ekki fyrirfram sannfærðir um það sem þeir mega ekki vera sannfærðir um; hinar merkilegustu leiðir til sannleiks liggja oft í óvæntar áttir, og þesskonar sannfæringar fyrirfram geta gert það að verkum að menn finni þær aldrei.

Ekki skulu menn vera of fljótir til þess að álykta, að það sem hér er sagt miði til þess að svifta þá þeirri huggun sem þeir hafa af sambandi við framliðna, er þeir halda að sé. Þegar komist verður á hina réttu leið, mun koma betur í ljós hvað þar er um að ræða.

En það virðist mega telja vist, að með þeim skýringum og með því tilraunafyrirkomulagi sem nú tíðkast, eru menn ekki komnir á hina réttu leið. Gæti menn að, hversu framfarirnar í þessu »sambandsmáli« eru litlar. Í aðalatriðum eru menn ekki komnir lengra í skilningi á fyrirburðum þeim sem hér ræðir um, en fyrir þúsundum ára. Og margir eru jafnvel í efa um að þesskonar fyrirburðir eigi sér stað, sumir alveg sannfærðir um að þar sé ekki um annað en svik eða sjálfsblekkingar að ræða. Eiga þesskonar óvísindalegar efasemdir og óvísindalegar sannfæringar sjálfsagt drjúgan þátt í því, að miklu minna virðist kveða að fyrirburðunum nú á tímum, en á dögum Forn-Grikkja.

Við framfaraleysið í «andasambandsmálinu» skulu menn svo bera sáran framfarir þær hinar merki- legu, sem orðið hafa í rafsambands- málinu, síðan Örsted og Faraday komu mönnum þar á rétta leið. En sú var tíðin að rafmagnsfyrir- brigði voru talin yfirnáttúrlegir fyrir- burðir, er boðuðu það sem gerast mundi; og meðan svo var, jókst ekki skilningur manna á þessum efnum, öldum saman.

Aukin þekking hefir altaf miðað að því að færa út svið hins náttúr- lega, og leiða í ljós ávalt meira og margvislegra samband hlutanna á milli; og svo mun verða hér. Þegar menn átta sig á því affi sem starf- ar í líkamningum og öðrum «anda- fyrirbrigðum», munu framfarirnar líffræði og lífernisfræði (Ethik) verða miklu meiri og stórkostlegri en fram- farirnar í rafmagnsfræði sem leitt hefir af uppgötvunum Örsteds og Faradays. Þegar menn fara að vita að það á sér stað sem eg nefni bioradiation og bioinduction (lífgeislan og líf- afsleiðing), og þegar menn fara að taka vísindalega á þessum efnum, þá munu þeir miklu betur en áður, geta orðið samtaka verum annars- staðar í heiminum, sem miklu lengra eru komnar en mennirnir, og ófalað hafa mikinn hug á að hjálpa oss á framsóknarleiðinni, ef vér kyn-

um að þiggja. Vitranaháttir Forn- Grikkja (mysteria) voru einhver merki- legasta af sambandsviðleitni við æðri verur, sem verið hefir á jörðu hér. En þó vissu Grikkir ekki, að hinar æðri verur sem þeir sáu, áttu heima á öðrum hnöttum. Vegna þess kom sambandið að minni notum og féll loks niður. Má nú taka slíkt upp aftur og miklu betur en áður. Og þegar komið er þá braut, munu verða meiri breytingar til batnaðar á högum mannkynsins á nokkrum áratugum, en á hundruðum ára áður.

*Helgi Pjeturss*

### Leiðrétting.

Í grein minni síðast stóð líkamir fyrir líkamanir; líkaman eða líkam- ning má nefna það sem á útlendu máli er kallað Fantom; en mate- rialisation getur eftir atvikum þýtt líkaman eða efning (efnitöku). *H. P.*